

Guðný Zoëga

Framkvæmdaeftirlit vegna hitaveitu á Sjöundastöðum og Móskógum í Fljótum



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2017/181

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir mögulegt bæjarstæði á Mósógum. Grafan fyrir miðri mynd stendur þar sem öskuhaugur fannst í skurði, bærinn kann að hafa staðið þar sem trjágarðurinn er vinstra megin við gröfuna



Innihald

Inngangur	2
Sjöundastaðir í Flókadal	2
Rannsókn 2016.....	3
Vestursnið í húsgrunni	5
Móskógar á Bökkum.....	6
Rannsókn 2016.....	7
Samantekt.....	9
Heimildaskrá	10

Inngangur

Vinna vegna lagningar hitaveitu fór fram í Fljótum í Skagafirði 2016 og var Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fengin til að sjá um fornleifaskráningu¹ og framkvæmdaefirlit vegna fornleifa. Í samræmi við niðurstöðu fornleifaskráningar var legu skurða breytt á þeim stöðum sem sýnt þótti að lögnin færi í gegn um eða gæti skemmt minjar. Samkvæmt úrskurði minjavarðar Norðurlands vestra átti svo að skoða frekar hvort fornleifar myndu fundast í skurðum á fjórum stöðum, á Sjöundastöðum, Ysta-Mói, Móskógum og Lambanesi. Vegna ýmissa utanaðkomandi þátta frestaðist vettvangsvinna að hluta og einungis reyndist unnt að skoða í skurði að Sjöundastöðum og Móskógum. Tvær vettvangsferðir voru farnar 05.08.2016 í Sjöundastaði og 23.08.2016 í Móskóga.

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar Íslands: 201607-0045

Númer frá Þjóðminjasafni Íslands: 2016-57

Sjöundastaðir í Flókadal

Jarðarinnar er fyrst getið í skrá yfir kúgildi á Hólastólsjörðum árið 1449.² Árið 1487 er uppistandandi bænhús á Sjöundastöðum en ekki er vitað hvar það stóð og þess er ekki getið í




Mynd 1. Horft til suðvestur eftir lagnaskurði á Sjöundastöðum í Flókadal.

¹ Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga, Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Fljótum í Skagafirði. BSk 2016/161.

² Íslenskt fornbréfasafn V, bls. 43.

jarðabók 1709.³ Jörðin var að fornu 30 hundruð og skiptist í þrjá bæi, Sjöundastaði, Steinhól og Borgargerði.⁴ Núverandi íbúðarhús var byggt 1934-35⁵ en gamli torfbærinn stóð örfáum metrum norðan hans (sjá mynd 2).



Mynd 2. Yfirlitstekning sem sýnir minjar í lagnaskurði og grunni að bílastæði á Sjöundastöðum. Myndin sýnir afstöðu minja en er ekki í nákvæmum skala.

Rannsókn 2016

Á Sjöundastöðum var skoðaður lagnaskurður sem lá frá tengibrauni við heimreið um 20m norðaustan íbúðarhússins til suðvesturs upp brekku og gegn um heimreiðina og malarlagt bílplan norðan húss. Um 6m norðan húss beygði skurðurinn til suðurs að norðausturhorni þess þar sem inntakið fyrir hitaveituna var. Skurðurinn var alls 28m langur. Í fyrstu 10m skurðarins austan bæjarins var þykkur mýrarjarðvegur og bleyta en greinilegt var að jarðvegi hafði verið

³ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 355; JÁM, bls. 291.

⁴ JÁM, bls. 291-292.

⁵ Hjalti Pálsson - Drög að Byggðasögu Skagafjarðar 8. bindi.

rutt til austurs frá bæjarstæðinu og var rótaður jarðvegur efst undir grasrót. Einu minjarnar sem fundust í skurðinum voru á um 1m löngum kafla austan við hornið þar sem inntaksskurðurinn lá að norðvestur horni íbúðarhússins (sjá mynd 2). Þar fannst rótað torf með 1104 gjóskunni sem hafði að hluta verið grafið í burtu þegar malarplanið var lagt.



Mynd 3. Grjót og torfhleðsla í norðurhlið hitaveituskurðar. Tømmustokkurinn er metri á lengd.


en núverandi íbúðarhús var byggt. Í norðurhlið hans, á um 5m löngum kafla (sjá mynd 3), kom fram syðri útbrún grjót- og torfhlaðins húsveggjar sem hafði að hluta verið mokað upp. Bílskúrsgrunnurinn þverskar svo hluta af yngri grjóthlöðnum húsgrunni eða stétt og var um

Þegar komið var á vettvang varð hinsvegar ljóst að grafin hafi verið 8m löng viðbót við skurðinn til suðvesturs að svæði þar sem bílskúrsbygging hafði verið áætluð. Einnig hafði 5x2m stór grunnur verið tekinn að bílskúrnum. Viðbótarskurðurinn lá utan í sunnanverðu gamla bæjarstæðinu þar sem torfbærinn stóð áður



Mynd 4. Snið í vesturhlið grunns að bílskúr. Í sniðinu má slöggst sjá hvíta gjósku úr Heklu frá 1104. Tømmustokkurinn er metri á lengd og er við niðurgröft sem kom fram syðst í sniðinu.

80cm djúpur þar sem hann var dýpstur (sjá mynd 4). Sniðið var teiknað upp og voru töluverðar byggingaleifar ofan 1104 gjóskunnar en auk þess lágu nokkur mannvistarlög undir gjóskunni. Gamla bæjarstæðið er nú að hluta í trjágarði.



Mynd 5. Teikning sem sýnir mannvistarlög í vestursniði húsgrunns.

Vestursnið í húsgrunni

Grunnurinn að bílskúrnum hafði verið tekinn að hluta í gegn um grjótlagða stétt eða húsgrunn og myndaði 2,2m langt og 70cm djúpt jarðvegssnið sem lá norður-suður. Sniðið var teiknað upp (sjá mynd 5). Eftir endilöngu sniðinu, á um 40cm dýpi, var mjög glögg hvít Heklugjóska frá 1104 og voru þykk mannvistarlög bæði undir og yfir henni. Efst undir grasrót [1] í norðanverðu sniðinu voru steinar úr stéttinni/húsgrunninum en undir þeim voru þykk rótuð mannvistarlög [3] með torfi, mögulega úr eldri byggingum sem sléttaðar hafa verið áður en stéttin var lögð. Sunnan stéttarinnar var einnig rótaður jarðvegur [2] en einsleitari og ekki eins torfblandaður. Beint undir þessum lögum lá svo 1104 gjóskan óhreyfð. Fern rótuð mannvistarlög lágu svo milli 1104 gjóskunnar og Landnámslagsins svokallaða (LnL á teikningu). Efst var þunnt lag af rótuðum fremur einsleitum jarðvegi [4] sem lá ofan á niðurgreftri sem var fylltur af rótaðri mold H3 og torfi [5]. Niðurgrofturinn [5], sem lá austur-vestur, skar þrenn mannvistarlög. Efst var fremur þykkt lag [6] með rótuðu torfi með

forsögulegri gjósku (H3). Undir því var lag [7] með rótaðri mold og flekkjum af H3 og LnL gjóskunum. Neðst, beint ofan á LnL laginu var svo fremur einsleitt en rótað jarðvegslag [8] sem í voru móðkuslettur og örlítil koladreif.

Túlkun:

Ljóst er að byggð hefur hafist snemma á Sjöundastöðum, líklega um eða skömmu eftir landnám. Elsta bæjarstæðið virðist hafa verið á sama stað og bærinn stóð á seinni öldum. Þó svo að ekkert verði fullyrt um hvaða tilgangi niðurgröfturinn syðst í sniðinu þjónaði er hann, auk mannvistarlaganna sem hann er skorinn niður í mjög líkur því sem fundist hefur í fornum kirkjugörðum í Skagafirði. Þarna gæti þó einnig verið um að ræða sléttunarlög undir einhverjar byggingar. Úr þessu verður ekki skorið nema með frekari rannsóknum.

Móskógar á Bökkum



Mynd 6. Horft til norðurs yfir skurð á Móskógum sem í fannst gamall öskuhaugur.

Móskóga er fyrst getið í fornbréfi 1401.⁶ Jörðin var að fornu metin á 20 hundruð með eyðihjáleigunni Grundarkoti, en 1861 lækkaði það í 14,2 hundruð. Móskógar hafa verið í eyði síðan 1960 og eru engin bæjarhús uppistandandi.⁷ Tveir sumarbústaðir standa í landareigninni.

⁶ Íslenskt fornbréfasafn III, bls. 670-671.

⁷ Hjalti Pálsson, Drög að Byggðasögu Skagafjarðar 8. bindi.



Mynd 7. Jarðvegur í skurði 1. Fyrir miðri mynd má sjá hvíta 1104 gjóskuna. Undir henni voru kolaleifar.

Skurður 1

Á Mósakógum var skoðað í tvo skurði. Fyrri skurðurinn (skurður 1 á mynd 7 og 9) hafði verið tekinn rétt sunnan hliðs á heimreið að núverandi sumarbústaði og um 160m suður af gamla bæjarstæðinu. Í skurðinum voru að mestu náttúruleg mýrarlög en þar mátti þó greina koladreif bæði undir og ofan á 1104 gjóskunni sem lá þar óhreyfð.


Skurður 2

Í öðrum skurði (skurði 2 á mynd 8 og 9), sem tekinn var um 100m suðvestur af gamla bæjarstæðinu kom fram nokkuð umfangsmikill öskuhaugur á stað sem ekki var vitað að hefði nokkru sinni staðið bær. Skurðurinn var um 4x6m að



Mynd 8. Vestusnið í hitaveituskurði austan sumarbústaðar á Mósakógum. Skóflan stendur við öskuhauginn þar sem hann var þykkastur.

stærð og var öskurhaugur í honum öllum. Öskurhaugurinn var yfir metri á þykkt þar sem hann var þykkastur og lá beint ofan á drullukenndum mýrarjarðvegi. Jarðvegi hafði verið rutt um yfir haugnum og því var ekki hægt að ákvarða aldur hans nánar. Hvar bærinn hefur staðið sem ruslahaugurinn hefur tilheyrt er óvíst. Líklega hefur það þó verið þar sem nú er sumarhústaður og trjágarður rétt vestan skurðar 2 en þar hefur umhverfið verið sléttað.



Mynd 9. Yfirlitstekning sem sýnir afstöðu skurða á Mósakógum.

Túlkun:

Byggð hefur verið í Mósakógum a.m.k. þegar á 11. öld. Þar komu líka fram ummerki um bæjarstæði sem ekki var áður vitað um en óvíst er um aldur þess. Ólíklegt er að hér sé um að ræða afbýlið Grundarkot, en líklegar leifar þess er að finna um 100 ofan og norðan gamla bæjarstæðisins.

Samantekt

Í ágúst 2016 voru farnar tvær ferðir í Fljótin í Skagafirði til að skoða skurði vegna lagningar hitaveitu. Skurðirnir voru á tveimur jörðum, Sjöundastöðum og Mósógum. Á Sjöundastöðum fór hitaveituskurðurinn að hluta utan í gamla bæjarstæðið og hafði skemmt útbrún jarðlægs húsveggjar. Grunnur sem tekinn hafði verið vegna húsbyggingar þverskar mannvistarleifar, bæði eldri og yngri en 1104 gjóskan. Minjar þar sýndu að bæjarstæðið hefur líklega verið á sama stað frá upphafi.

Tafla 1. Tafla með hnitum á bæjarstæðum og minjum sem fundust í lagnaskurðum.

Minjar	Hnit: ISN93
Sjöundastaðir:	A492.699 N614.874
Rótað torf í lagnaskurði	A492.705 N614.884
Vegghleðsla á gamla bæjarstæðinu	A492.697 N614.883
Snið í húsgrunni	A492.694 N614.879
Mósógar:	A491.885 N619.130
Mannvist fyrir 1104 – skurður 1	A491.926 N618.992
Öskuhaugur – skurður 2	A491.840 N619.073

Á Mósógum hefur verið búið fyrir 1104 og þar komu fram ummerki sem bent gætu til bæjar sem annars engar heimildir eru til um. Hvort þar er um að ræða afbýli eða að bærinn hafi einhvern tímann staðið þarna er óvíst.

Þó svo að þessar rannsóknir hafi verið smáar í sniðum hafa þær bætt miklu við sögu beggja bæja. Þær undirstrika hversu mikilvægar upplýsingar geta fengist við það eitt að skoða í lagnaskurði og önnur framkvæmdasvæði, þó svo að ítarlegri fornleifarannsókn fari ekki fram. Þar sem lagningu hitaveitunnar er lokið er ekki að vænta frekari rannsókna tengdum henni.

Heimildaskrá

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2016). **Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu í Fljótum í Skagafirði.** Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga. BSk 2016/161.

(JÁM) *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, IX. Skagafjarðarsýsla* (1930). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Íslenskt fornbréfasafn III (Diplomatarium Islandicum III) (1896). *Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.*

Íslenskt fornbréfasafn V (Diplomatarium Islandicum V) (1902). *Kaupmannahöfn, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafjelag.*

Í útgáfu

Hjalte Pálsson og Kári Gunnarsson. Byggðasaga Skagafjarðar 8. bindi. Drög.